

Júní 2026



Hvítbók um byggðamál

Drög að stefnu

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Skjal sótt af '0800006889' dags: 29.08.2026



Útgefandi:

Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
545 8200 / irn@irn.is

Júní 2026

Ljósmynd á forsiðu: Frá Siglufirði

©2026 – Innviðaráðuneytið
ISBN – 978-9935-494-68-9

stjornarradid.is

Skjal sótt af '0802026889' dags: 20.08 2026

Efnisyfirlit

Um hvítbók – drög að stefnu	4
Inngangur	5
1. Stefna til fimmtán ára	6
1.1 Framtíðarsýn	6
1.2 Lykilviðfangsefni	6
1.3 Meginmarkmið	8
1.4 Áherslur	8
1.5 Mælikvarðar	9
2. Aðgerðaáætlun til fimm ára.....	11
A. Jafna aðgengi að þjónustu.....	11
B. Jafna tækifæri til atvinnu	16
C. Stuðla að sjálfbærum byggðum um land allt.....	22
3. Samfélagsleg áhrif	29
3.1 Áhrif á alþjóðlega stöðu	30
3.2 Áhrif á landshluta og sveitarfélög	31
3.3 Áhrif á almenning og einstaka hópa	31
3.4 Áhrif á atvinnulíf.....	33
3.5 Efnahagsleg áhrif.....	34

Töfluskrá

Tafla 1. Framlg til málaflokks 8.2 Byggðamála 2018-2026 og áætlun 2027-2031.....	35
--	----


Um hvítbók – drög að stefnu

Drög að stefnu (hvítbók) fela í sér umfjöllun og ákvörðun um framtíðarsýn, markmið og árangur af starfsemi yfir tiltekið tímabil, ávinning á tilteknu sviði eða sjónarmið og gildi sem byggt skal á. Stefna nær yfir tiltekið tímabil og er ætlað að stuðla að heildstæðri áætlanagerð, fyrirsjáanleika við töku ákvarðana um aðgerðir og markvissu eftirliti.

Innan stjórnsýslunnar vísar hugtakið stefna einkum til þeirra pólitísku áherslna og umbóta, sem stjórnvöld hyggjast framkvæma og greint er frá í stefnum fyrir einstök málefnasvið og varða málaflokka og verkefni stjórnsýslunnar. Framkvæmd stefnu kemur fram í aðgerðaáætlunum, ákvörðunum og athöfnum stjórnvalda, reglugerðum og lögum.

Undanfari draga að stefnu (hvítbókar) er stöðumat (grænbók) sem felur m.a. í sér greiningu á lykilviðfangsefnum, sett eru fram meginmarkmið og almennar áherslur sem unnin eru í samráði við hagaðila. Í stöðumatinu er hagaðilum og öllum almenningi gefinn kostur á að taka þátt og leggja fram sjónarmið um áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir til úrlausnar tilteknu viðfangsefni. Á þeim grunni eru unnin drög að stefnu, sem síðan eru útfærð af stjórnvöldum sem þingsályktun um stefnu.

Hvítbók er þannig hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda. Hún er umræðuskjal sem lagt er fram í opnu samráði í samráðsgátt og er ætlað að hvetja til umræðu um drög að stefnu og möguleg áhrif hennar á íslenskt samfélag til skemmri eða lengri tíma. Að loknu samráðsferli er farið yfir helstu sjónarmið sem fram koma áður en endanleg stefna er útfærð í formi þingsályktunartillögu.



Inngangur

Byggðamál heyra undir innviðaráðuneytið en snerta í eðli sínu flesta málaflokka ríkisins og ganga því þvert á starfssvið allra ráðuneyta. Byggðaaætlun er mikilvægt tæki stjórnvalda til að móta stefnu og samræma aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri þróun byggðar um land allt, með hliðsjón af ólíkum forsendum og tækifærum einstakra landshluta.

Gildandi byggðaaætlun var einróma samþykkt á Alþingi árið 2022 og rennur aðgerðaaætlun hennar út í lok árs 2026. Samkvæmt lögum nr. 30/2023 um stefnur og aðgerðaaætlanir á sviði innviða skal ráðherra leggja fram endurskoðaða áætlun á hverju kjörtímabili. Vinna við endurskoðunina hófst haustið 2025 og grænbók, sem felur í sér stöðumat og greiningu á helstu áskorunum og tækifærum, var lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2026.

Samráð og samhæfing eru leiðarljós við endurskoðun byggðaaætlunar. Samráðið hefur meðal annars falist í fjölda funda, bæði í aðdraganda grænbókar og hvítbókar. Áherslur og aðgerðir áætlunarinnar byggja að verulegu leyti á sjónarmiðum og tillögum sem fram hafa komið í samráðsferlinu og hafa í framhaldinu verið mótaðar í samstarfi við þau ráðuneyti sem bera ábyrgð á viðkomandi málaflokkum. Byggðaaætlun er því mótuð frá grunni (e. bottom-up), þar sem þekking og reynsla þeirra sem búa og starfa um land allt er lögð til grundvallar stefnumótuninni. Jafnframt var markvisst leitað leiða til að samhæfa byggðaaætlun við aðrar opinberar stefnur og áætlanir, í nánú samráði við viðkomandi ráðuneyti.

Hvítbók þessi, sem hér er lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda, lýsir drögum að stefnu og aðgerðaaætlun. Almenningsi og öðrum haghöfum gefst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til 18. ágúst n.k. Að loknu samráði verður unnið úr þeim ábendingum og umsögnum sem berast. Stefnt er að því að haustið 2026 leggi innviðaráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun til fimmtán ára og aðgerðaaætlun til fimm ára.

1. Stefna til fimmtán ára

Hér er sett fram stefna til fimmtán ára fyrir árin 2027-2041. Stefnan byggir á stöðumati og helstu áskorunum í byggðaþróun og leggur grunn að aðgerðum stjórnvalda.

1.1 Framtíðarsýn

Framtíðarsýnin í áætlunum innviðaráðuneytisins er að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið. Meginmarkmiðið er að innviðir mæti þörfum samfélagsins og byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær.

Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna og búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og fjölbreyttum atvinnutækifærum. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélaginu.

1.2 Lykilviðfangsefni

Lykilviðfangsefni eru sett fram með hliðsjón af helstu áskorunum á sviði byggðaþróunar. Áskoranirnar felast í ólíkri íbúðaþróun milli svæða, allt frá fækkun íbúa á einstökum svæðum yfir í mikla fjölgun sem reynir á innviði og þjónustu, einhæfu atvinnulífi, hraðri tækniþróun, flóknu samspili þéttbýlis og dreifbýlis, uppbyggingu innviða, fjölda fámennra sveitarfélaga og vaxandi kröfum um þjónustu og sjálfbærni, samkeppnishæfni og viðbrögðum við loftslagsbreytingum, náttúruvá og aðfangaöryggi.

Þessar áskoranir mótast bæði af innri þáttum, þar á meðal lýðfræðilegri þróun sem kallar á sterka félagslega innviði og ytri þáttum, svo sem breytti heimsmynd og auknum öryggisáskorunum. Jafnframt getur skortur á samhæfingu opinberra stefna hamlað árangri og byggðasjónarmið eru enn ekki fyllilega sambætt í aðgerðir stjórnvalda. Þá standa margar byggðir frammi fyrir takmörkuðu aðgengi að menntun og þjálfun, skorti á fagmenntuðu starfsfólki og áskorunum við mönnun þjónustustarfa, auk þess sem mikilvægt er að ná betur til ungs fólks og innflytjenda.

Til að takast á við þessar áskoranir verður unnið að eftirfarandi fimm lykilviðfangsefnum:

I. Fjölbreytt atvinnulíf

Lykilviðfangsefni er að efla fjölbreytt, sjálfbært og samkeppnishæft atvinnulíf um land allt með því að nýta tækni og stafrænar umbreytingar. Nýsköpun og hagnýting nýrrar tækni þarf að styðja við framleiðni, samkeppnishæfni og verðmætasköpun. Leggja þarf sérstaka áherslu á svæði sem glímt hafa við einhæfni í atvinnulífi og kynskiptan vinnumarkað. Skapa þarf skilyrði fyrir fjölbreytt störf, meðal annars með stuðningi við frumkvöðlastarf, óstaðbundin

störf og menntun og styðja þannig við byggðafestu, búsetufrelsi og jöfnun búsetuskilyrða.

II. Lýðfræðileg þróun og grunnþjónusta

Lykilviðfangsefni er að takast á við lýðfræðilegar áskoranir og ójafnræði þegar kemur að grunnþjónustu. Landsmönnum hefur fjölgað mikið undanfarin ár en fjölgunin er að mestu bundin við höfuðborgarsvæðið og hið virka svæði þess. Þetta ójafnvægi í búsetumynstri kallar á endurskoðun á skipulagi og aðgengi að grunnþjónustu um land allt. Samhliða hefur orðið veruleg breyting á íbúasamsetningu með fjölgun fólks af erlendum uppruna, sem hafa þarf í huga við að skipuleggja og veita þjónustu. Þróunin hefur áhrif á eftirspurn eftir þjónustu og gerir auknar kröfur um aðgengi að menntuðu fagfólki og nýtingu mannauðs til að tryggja jafnræði.

III. Innviðir

Lykilviðfangsefni er að tryggja trausta og sjálfbæra innviði um land allt, bæði efnislega og félagslega, sem taka mið af ólíkum þörfum íbúa og atvinnulífs og stuðla að jafnræði. Traustir innviðir, svo sem samgöngur, fjarskipti, aðgengi að endurnýjanlegri orku og fæðuöryggi eru grundvallarforsendur verðmætasköpunar og styrkja atvinnu- og þjónustusóknarsvæði. Slíkir innviðir jafna aðgengi að atvinnu, þjónustu og afþreyingu, óháð búsetu. Einnig eru þeir mikilvægir við að byggja upp áfallapol gagnvart loftslagsbreytingum, náttúruvá og öryggisógn. Samhliða þarf að huga að félagslegum innviðum, menningu og menntun. Nægt framboð af viðeigandi íbúðarhúsnæði og heildstæð nálgun á skipulag byggðar og þjónustu eru lykilþættir í búsetuvali fólks.

IV. Alþjóðleg samkeppnisstaða og sjálfbærar byggðir

Lykilviðfangsefni er að styrkja alþjóðlega samkeppnisstöðu Íslands með því að efla sjálfbærar byggðir um land allt og bregðast við harðnandi samkeppni um fólk og fyrirtæki. Gott samspil þéttbýlis og dreifbýlis styrkir byggðalög, sérstöðu þeirra og sjálfbærni, sem og alþjóðlega samkeppnisstöðu landsins. Öflug sveitarfélög og sterk svæði eru mikilvæg til að takast á við staðbundnar aðstæður og tækifæri. Blómlegt mannlíf, menning og atvinnulíf eru aðdráttarafl og skapa samkeppnishæf skilyrði í alþjóðlegu umhverfi.

V. Umhverfis- og loftslagsmál

Lykilviðfangsefni er að samþætta umhverfis- og loftslagsmarkmið við sjálfbæra byggðaþróun. Aukin verðmætasköpun með hringrásarhagkerfi, betri nýtingu hráefna og minnkun úrgangs stuðlar að ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda og styrkir atvinnulíf um land allt. Verndun náttúruverðmæta og vistkerfa er jafnframt forsenda lífsgæða. Markmið um kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum kalla á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, aukna bindingu kolefnis og aukið áfallapol samfélaga gagnvart áhrifum loftslagsbreytinga. Efla þarf græna orkuframleiðslu og hraða orkuskiptum til að

ná því markmiði að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti og að byggðir um land allt njóti ávinnings af grænni umbreytingu.

1.3 Meginmarkmið

Meginmarkmið byggðaaætlunar eru að:

A. Jafna aðgengi að þjónustu.

Að jafna aðgengi að þjónustu felur m.a. í sér að hún verði veitt í nærsamfélagi eftir því sem unnt er eða stafrænt og að aðgengi að miðlægri þjónustu verði jafnað, hvort sem er með nýtingu tæknilausna eða lágmörkun á kostnaði vegna þjónustusóknar.

B. Jafna tækifæri til atvinnu.

Að jafna tækifæri til atvinnu felur m.a. í sér að bæta innviði, s.s. fjarskipti, samgöngur og afhendingargetu og öryggi í raforkumálum. Enn fremur að stoðkerfi stuðli að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og að tækifæri til starfa hjá hinu opinbera og einkaaðilum verði jöfnuð óháð búsetu.

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

Að stuðla að sjálfbærni byggða um land allt felur m.a. í sér styrkingu efnahags-, félags- og umhverfislegra þátta, eflingu sveitarfélaga, bætt aðgengi að grunnþjónustu, fjölbreytt atvinnulíf, blómlega starfsemi í menningarmálum og afþreyingu sem tekur mið af ólíkri stöðu og þörfum íbúa.

1.4 Áherslur

Hér eru lagðar til áherslur við hvert hinna þriggja meginmarkmiða. Þær byggja á áherslum ráðherra og því samráði sem viðhaft var við endurskoðun byggðaaætlunar. Áherslurnar leiða ýmist til beinna og skilgreindra aðgerða eða eru settar fram til samhæfingar og stuðnings við aðrar opinberar stefnur til að framangreindum markmiðum verði náð.

A. Jafna aðgengi að þjónustu:

1. Grunnþjónusta veitt sem mest í nærumhverfi.
2. Tryggt aðgengi að miðlægri þjónustu og jöfnun kostnaðar óháð búsetu.
3. Traustir fjarskiptainnviðir um allt land.
4. Nýting tækni til að efla þjónustu og aðgengi.
5. Tækifæri til menntunar um land allt.
6. Samgönguinnviðir sem styðja daglegt líf.
7. Vetrarþjónusta sem forsenda vinnu- og þjónustusóknar.
8. Framboð af menningu, listum og íþróttum óháð búsetu og efnahag.
9. Öryggi og viðbragðsgeta um allt land.
10. Opinber stefnumörkun hafi byggðasjónarmið að leiðarljósi.
11. Auka jöfnun orkukostnaðar og tryggja orkuöryggi.

B. Jafna tækifæri til atvinnu:

1. Fjölbreytt, sjálfbær atvinnuuppbygging um allt land.

2. Nýsköpun, frumkvöðlastarf og græn atvinnustarfsemi.
3. Afhendingaröryggi raforku með dreifðari orkuvinnslu og orkuskipti.
4. Óstaðbundin störf og staðsetning opinberra starfa.
5. Þekkingarsetur og vinnustaðaklasar.
6. Skapandi greinar og menning.
7. Hringrásarhagkerfi, auðlindanýting og loftslagslausnir.
8. Nýliðun og aðlögun að breyttum atvinnuháttum.
9. Byggðatengdar aflaheimildir smærri sjávarbyggða.
10. Greina styrkleika einstakra svæða með tilliti til atvinnuuppbyggingar.

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land

1. Mannauður, menning, félagslegur jöfnuður og lýðfræðileg sjálfbærni.
2. Virk þátttaka innflytjenda í samfélaginu.
3. Samspil dreifbýlis og þéttbýlis í byggðapróun.
4. Öflug sveitarfélög og sterk vinnu- og þjónustusóknarsvæði.
5. Aðferðafræði sóknaráætlana og brothættra byggða efling og þróun áfram.
6. Fjölbreytt framboð íbúða og atvinnuhúsnæðis um land allt.
7. Skilvirkt regluverk.
8. Þekking, rannsóknir og alþjóðlegt samstarf á sviði byggðamála.
9. Loftslagsaðlögun, náttúruvernd og líffræðileg fjölbreytni.
10. Samfélagsinnviðir, seigla og viðbragðsgeta.
11. Fæðuöryggi og sjálfbær land- og auðlindanýting.
12. Lýðræðisleg þátttaka, ekki síst ungs fólks og fólks af erlendum uppruna.

1.5 Mælikvarðar

Í þessum kafla eru settir fram mælikvarðar á stöðu byggðamála út frá þeim þremur megin markmiðum áætlunarinnar: að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt. Mælikvarðarnir lýsa stöðu og þróun á þeim þáttum sem tengjast markmiðunum, en þeim er ekki ætlað að mæla árangur byggðaaætlunarinnar sem slíkrar. Áætlunin er takmörkuð að umfangi þegar kemur að fjármunum og því ljóst að hún ein og sér hefur takmörkuð áhrif á þróunina. Einnig er nær útilokað að einangra áhrif hennar frá hinum margvíslegu og flóknu þáttum sem áhrif hafa á byggðapróun á hverjum tíma. Hlutverk mælikvarðanna er fyrst og fremst að veita vísbendingar um þróun byggðamála og varpa ljósi á hvar þörf er á frekari athygli eða aðgerðum til að ná fram markmiðum áætlunarinnar.

A. Jafna aðgengi að þjónustu.

1. Mismunur á húshitunarkostnaði heimila.
2. Fjöldi íbúa sem búa í meira en 30 kílómetra fjarlægð frá heilsugæslustöð, leik-, grunn- og framhaldsskóla og dagvöruverslun.
3. Hlutfallsleg skólasókn á framhaldsskólastigi (15-19 ára og 20 ára og eldri) og háskólastigi (19-29 ára og 30 ára og eldri).

B. Jafna tækifæri til atvinnu.

1. Hlutfall starfandi.
2. Hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda á vinnualdri (18-69 ára).
3. Fjölbreytni atvinnulífs samkvæmt ÍSAT gögnum.

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

1. Framfærsluhlutfall (0-17 ára og 70 ára og eldri).
2. Lýðfræðilegir veikleikar.
3. Meðalatvinnutekjur.

2. Aðgerðaáætlun til fimm ára

Til að fylgja eftir framtíðarsýn, lykilviðfangsefnum, meginmarkmiðum og áherslum byggðaáætlunar eru lagðar til eftirfarandi aðgerðir, samtals 41 aðgerð. Aðgerðirnar eru fjármagnaðar ýmist af byggðaáætlun, viðkomandi ábyrgðar-ráðuneytum eða hvoru tveggja, þ.e. af byggðaáætlun og viðkomandi ráðuneyti. Framlög til einstakra aðgerða liggja ekki fyrir en við framlagningu þingsályktunartillögu haustið 2026.

A. Jafna aðgengi að þjónustu

1. Verslun í minni byggðarlögum

Markmið: Að stutt verði við rekstur dagvöruverslunar í minni byggðarlögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu.

Stutt lýsing: Með fjárstuðningi verður komið til móts við vanda dagvöruverslana á fámennum markaðssvæðum og búa við háan flutningskostnað, óhagkvæm innkaup og erfið rekstrarskilyrði.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Stefna um opinbera þjónustu.

2. Stuðningur við innflytjendur á landsbyggðinni

Markmið: Að auka aðgengi innflytjenda á landsbyggðinni að námi, ráðgjöf og upplýsingum.

Stutt lýsing: Í samstarfi ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs og félagasamtaka verði unnið að skapandi lausnum til að draga úr hindrunum sem innflytjendur á landsbyggðinni geta staðið frammi fyrir vegna búsetu sinnar og auka aðgengi þeirra að íslenskunámi, samfélagsfræðslu, ráðgjöf og upplýsingum. Sérstaklega verður horft til svæða fjarri starfsstöðvum Vinnumálastofnunar, tungumálaskóla og símenntunarmiðstöðva. Byggt verður á styrkleikum nærsamfélaga og nýtingu tæknilausna til að auka aðgengi að þjónustu óháð búsetu. Aðgerðin felur í sér að a) auka aðgengi að vönduðu íslenskunámi með gæða fjarkennslu og stuðningi við notkun íslensku í daglegu lífi, b) samfélagsfræðsla verði aðgengileg rafrænt sem og fræðsla um búsetu á landsbyggðinni og stuðning við íbúa við að sækja þjónustu fjarri heimili og c) skapa í samstarfi við sveitarfélög og staðbundin félagasamtök fleiri tækifæri til að taka þátt í samfélaginu og nota íslensku í daglegum samskiptum við aðra íbúa.

Ábyrgðarráðuneyti: Mennta- og barnamálaráðuneyti á lið a. Félags- og húsnæðismálaráðuneyti á lið b og c.

Framkvæmdaaðili: Ófrágengið.

Tímabil: 2027-2031.

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög, símenntunarmiðstöðvar, tungumálaskólar, atvinnulífið, staðbundin félagasamtök og Vinnumálastofnun. Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2026-2029 (óafgreidd vorið 2026).

3. Sérfræðipjónusta á heilbrigðissviði

Markmið: Að bæta aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Stutt lýsing: Aðgerðin verður útfærð með því að kalla eftir verkefnatillögum þar sem opinberum og einkareknum heilbrigðisþjónustuveitendum, einum eða í samstarfi, verður gefinn kostur á að sækja um stuðning til þróunar og framkvæmdar verkefna sem miða að því að bæta aðgengi að sérfræðiheilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Við mat á umsóknum verður meðal annars litið til þess hvernig verkefni stuðla að auknu aðgengi að sérfræðilæknaþjónustu, nýtingu blandaðs þjónustufyrirkomulags með stað- og fjarþjónustu, auknu samstarfi milli þjónustuveitenda og bættum gæðum og hagkvæmni þjónustunnar.

Ábyrgðarráðuneyti: Heilbrigðisráðuneyti.

Framkvæmdaaðili/ar: Sérgreinasjúkrahús og einkaaðilar sem veita sérfræðipjónustu í gegnum samninga við SÍ.

Dæmi um samstarfsaðila: Sjúkratryggingar Íslands og heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Heilbrigðisstefna og stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar.

4. Menntasjóður námsmanna

Markmið: Að nýta ívilnanir til að tryggja mönnun heilbrigðisstétta.

Stutt lýsing: Áfram verður unnið með heilbrigðisráðuneyti og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti að því að nýta ákvæði í lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem kveða á um sérstaka ívilnun vegna námsgreina sem og sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum. Vegna óvissu um kostnað við beitingu ívilnanaákvæða laganna verður metin frekari afmörkun svæða og/eða starfsstétta en fyrir liggur í fyrirbyggjandi greiningum Byggðastofnunar.

Ábyrgðarráðuneyti: Heilbrigðisráðuneyti, í samstarfi við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Heilbrigðisráðuneyti, í samstarfi við Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Menntasjóður námsmanna, heilbrigðisstofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög. Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Heilbrigðisstefna til ársins 2030, mönnunarstefna í heilbrigðisþjónustu til 2030 og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023-2027.

5. Heimilislækningar á landsbyggðinni

Markmið: Að efla sérnám á sviði heimilislækninga á landsbyggðinni.

Stutt lýsing: Stutt verður við uppbyggingu sérnáms fyrir lækna á heilbrigðisstofnunum utan höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega í heimilislækningum.

Ábyrgðaráðuneyti: Heilbrigðisráðuneyti

Framkvæmdaaðili: Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Dæmi um samstarfsaðila: Allar opinberar heilbrigðisstofnanir

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Heilbrigðisstefna og mönnunarstefna í heilbrigðisþjónustu til 2030.

6. Almenningsamgöngur milli byggða

Markmið: Að styðja við þróun almenningssamgangna milli byggða.

Stutt lýsing: Stuðningur ríkisins við almenningssamgöngur verði endurskilgreindur þar sem við á, þannig að hann styðji betur við að efla og stækka vinnu- og þjónustusóknarsvæði. Sérstök áhersla verði lögð á fjölkjarna og landstór sveitarfélög, með það að markmiði að styðja við samstarf og sameiningu sveitarfélaga. Á fáförnum leiðum verði horft til aukinnar samnýtingar almenningssamgangna og póst- og pakkaflutninga til að bæta rekstrarforsendur þjónustunnar. Þjónustuleiðir verði skilgreindar í samráði við heimafólk á hverju svæði og tekið mið af þörfum barna og ungmenna vegna lista-, íþrótt- og tómstundastarfs, sem og þörfum eldri borgara. Jafnframt verði horft til reynslu af tilraunaverkefninu á leiðinni Borgarfjörður eystri – Egilsstaðir. Þá er frumvarp um almenningssamgöngur á landsvísi í undirbúningi sem hefur það að markmiði að tryggja gæði og fyrirsjáanleika og að þjónustan taki mið af þörfum samfélagsins. Einnig verði lögð áhersla á betri samþættingu almenningssamgangna við aðra ferðamáta.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Byggðastofnun og Vegagerðin.

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög og fyrirtæki.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Samgönguáætlun, Ferðumst saman – heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða.

7. Almenningsamgöngur til og frá borgarsvæðum

Markmið: Að auka aðgengi að borgarsvæðum og miðlægri þjónustu með áherslu á samþættingu mismunandi samgöngumáta.

Stutt lýsing: Haldið verði áfram að greina og kortleggja heildstætt kerfi almenningssamgangna til og frá borgarsvæðum og innan þeirra þar sem samgöngumiðjan er höfuðborgarsvæðið annars vegar og Akureyri hins vegar. Jafnframt verði þarfir notenda greindar og lagðar til úrbætur. Horft verður til niðurstöðu væntanlegrar rannsóknar á vinnu- og skólasókn og greiningar á umferð á borgarsvæðum, sbr. fyrirhugaða aðgerð um þróunaráætlanir fyrir

borgarsvæði.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin.

Dæmi um samstarfsaðila: Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf., Byggðastofnun, landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög.

Tímabil: 2027-2028.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Samgönguáætlun, borgarstefna, Ferðumst saman – heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

8. Íþrótt- og æskulýðsstarf í dreifðum byggðum

Markmið: Að auka möguleika barna- og ungmenna til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi á sínum svæðum.

Stutt lýsing: Stutt verður við ferðalög barna og ungmenna vegna þátttöku á æfingum innan fámennari og dreifðari byggða svo ferðakostnaður verði ekki takmarkandi fyrir þátttöku þeirra. Með breiðri þátttöku er betur hægt að byggja upp gæða íþrótt- og æskulýðsstarf sem stuðlar að ástundun yfir lengri tíma. Gert er ráð fyrir að svæðisfulltrúar íþróttahreyfingarinnar sækji um stuðning vegna ferðakostnaðar innan svæðis þar sem þeir forgangsraða verkefnum. Skoðað verður, eftir atvikum, hvort koma megi á skipulögðum frístundaakstri í samstarfi við sveitarfélög.

Ábyrgðarráðuneyti: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Framkvæmdaraðilar: ÍSÍ, UMFÍ og svæðisfulltrúar íþróttahreyfingarinnar.

Tímabil: 2027-2031.

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðildarfélög og sambandsaðilar ÍSÍ og UMFÍ.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Íþróttastefna, farsældarstefna stjórnvalda og stefna um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030.

9. Umferðarminni tengivegir

Markmið: Að flýta lagningu bundins slitlags á tengivegum.

Stutt lýsing: Hönnunarforsendur við uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á umferðarminni vegum verða rýndar og endurskoðaðar. Vegagerðinni verði falið að rýna hönnunarstaðla sem notast er við í uppbyggingu samgönguinnviða með tilliti til kostnaðar/ábata og þannig skoðað hvort flýta megi lagningu bundins slitlags á umferðarminni leiðum með ódýrari og einfaldari hætti.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Vegagerðin.

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög.

Tímabil: 2027.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Samgönguáætlun.

10. Örnám á háskólastigi

Markmið: Að auka framboð á háskólanámi og jafna aðgengi að háskólamenntun óháð búsetu.

Stutt lýsing: Örnám á háskólastigi er einingabært, hagnýtt, sveigjanlegt og gæðavottað nám sem getur gengt lykilhlutverki í að jafna aðgengi að menntun um allt land. Slíkt nám hentar vel til að mæta hæfnipörfum atvinnulífsins og samfélaga á landsbyggðinni, styðja við sí- og endurmenntun og gera fólki kleift að stunda nám samhliða starfi og óháð búsetu. Aðgerðin verður unnin í nánú samstarfi háskóla, þekkingarsetra og atvinnulífs. Sérstök áhersla er lögð á að þróa og bjóða námsleiðir sem mæta þörfum lykilatvinnugreina í byggðum landsins þar sem þörf er á sérhæfðri þekkingu.

Ábyrgðarráðuneyti: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Háskólar á Íslandi.

Dæmi um samstarfsaðila: Þekkingarsetur og aðilar og samtök atvinnulífsins.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Atvinnustefna, háskólastefna (í vinnslu, júní 2026).

11. Stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði

Markmið: Að jafna aðgengi að þjónustu og auka nýtingu stafrænnar tækni.

Stutt lýsing: Aðgerðin felur í sér að treysta byggðasjónarmið sem sett eru fram með sameiningu sýslumannsembætta í eitt embætti, sbr. lög nr. 9/2026 um sýslumann, frá og með 1. janúar 2027. Markmiðið er að fjölga störfum á landsbyggðinni, bæði almennum og sérfræðingsstörfum og felst árangur aðgerðarinnar, m.a. í fjölgun starfa á starfsstöðvum sýslumannsembættisins á landsbyggðinni.

Ábyrgðarráðuneyti: Dómsmálaráðuneyti.

Framkvæmdaraðilar: Dómsmálaráðuneyti og sýslumannsembættið.

Dæmi um samstarfsaðila: Byggðastofnun, Stafrænt Ísland, önnur ráðuneyti og stofnanir.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Sýslumenn – Framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri, skýrsla dómsmálaráðuneytisins (mars 2021).

12. Löggæsludrónar

Markmið: Að efla viðbragðsgetu lögreglu og auka öryggi almennings.

Stutt lýsing: Aðgerðin er tilraunaverkefni á Norðurlandi eystra sem nýta mætti sem fyrirmynd að sambærilegri uppbyggingu annars staðar á landinu. Sjálfvirkir löggæsludrónar verða staðsettir á lykilstöðum til stuðnings lögreglu og öðrum viðbragðsaðilum. Aðgerðin gengur út á að bæta stöðumat og upplýsingagjöf þegar útköll berast, þannig að unnt verði að bregðast hraðar og markvissara við og auka þannig öryggi, bæði almennings og viðbragðsaðila. Með markvissri uppsetningu sjálfvirkra löggæsludróna á lykilstöðum verður byggt upp skilvirk og tæknimiðað löggæsluumhverfi sem styður við störf lögreglu og annarra viðbragðsaðila, en kemur ekki í stað þeirra. Jafnframt er aðgerðinni ætlað að bæta þjónustu við íbúa og gesti svæðisins og með betri ákvarðanatöku er stuðlað að skilvirkari rekstri og minna kolefnisspori.

Ábyrgðarráðuneyti: Dómsmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Lögreglan á Norðurlandi eystra.

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög á Norðurlandi eystra, lögregluembætti og aðrir viðbragðsaðilar.

Tímabil:

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir:

13. Menningarsjá

Markmið: Að kortleggja og gera aðgengi að menningu og menningarinnviðum um land allt sýnilegt.

Stutt lýsing: Unnin verði menningarsjá sem sýni með myndrænum hætti aðgengi landsmanna að menningarstarfsemi, menningarstofnunum, viðburðum, skapandi greinum og menningarinnviðum um land allt. Við framkvæmdina verði horft til samlegðar með svipuðum verkefnum, s.s. uppfærslu þjónustukorts Byggðastofnunar. Við lok verkefnis liggi fyrir gagnagrunnur og myndræn framsetning sem hægt verði að nýta til frekari stefnumörkunar, forgangsroðunar stuðnings og mótunar aðgerðaáætlunar á sviði menningar og byggðamála.

Ábyrgð: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, menningarstofnanir, menningarráð, safnaráð, listamiðstöðvar, skapandi greinar og háskólasamfélagið.

Tímabil: 2028-2029.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir:

B. Jafna tækifæri til atvinnu

1. Stoðkerfi nýsköpunar á landsbyggðinni

Markmið: Að styrkja vistkerfi nýsköpunar í byggðum landsins með auknu samstarfi stoðstofnana á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar, háskólaþjónustu og símenntunar.

Stutt lýsing: Mótun og efling svæðisbundinna þekkingarsamfélaga á landsbyggðinni er brýn forsenda aukinnar hlutdeildar landsbyggðarinnar innan stoðkerfis nýsköpunar og í styrkveitingum úr opinberum samkeppnissjóðum.

Aðgerðin snýst um hvata til aukins samstarfs stoðstofnana sem þegar hafa samnings- eða lögbundin hlutverk á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar, háskólaþjónustu og símenntunar innan hvers landshluta. Veittur tímabundinn fjárstuðningur til skýrt skilgreindra samstarfsverkefna tveggja eða fleiri stoðstofnana innan hvers landshluta. Aðgerðin miði að því að efla nýsköpunarumhverfi í héraði og stuðla að aukinni þátttöku af landsbyggðinni í hinu almenna stoðkerfi og sjóðaumhverfi nýsköpunar. Styrkhæf verkefni geta snúið að mótun klasa, verklags, ferla og samstarfs stoðstofnana á sviði nýsköpunar í héraði og samlegð í aðstöðu, þekkingu eða þjónustu umræddra stoðstofnana. Einnig viðburðahalda í héraði á sviði nýsköpunar í samstarfi stoðstofnana, svo sem fræðsluverkefna eða svæðisbundinna hraðla.

Ábyrgðarráðuneyti: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga, þekkingarsetur, símenntunarmiðstöðvar og fablab-smiðjur.

Tímabil: 2027-2028.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Nýsköpunarstefna, atvinnustefna, ferðamálstefna.

2. Staðarval ríkisstarfa

Markmið: Að dreifing starfa á vegum ríkisins verði jöfnuð og stuðlað að fjölbreyttu atvinnulífi sem víðast um landið.

Stutt lýsing: Stuðlað verði að fjölbreyttu atvinnulífi sem víðast um landið, jafnari dreifingu ríkisstarfa og auknu búsetufrelsi. Þegar ný starfsemi hefst eða breytingar gerðar hjá ríkisstofnunum verði metið hvort staðsetja megi starfsemina á landsbyggðinni.

Ábyrgðarráðuneyti: Forsætisráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Öll ráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Ríkisstofnanir, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, vinnustaðaklasar.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Stefna og aðgerðaáætlun um málefni sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038.

3. Óstaðbundin störf

Markmið: Að búsetufrelsi verði eflt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni.

Stutt lýsing: Halðið verður áfram að innleiða hugmyndafræði óstaðbundinna starfa, sem felur í sér að ríkisstörf séu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega. Úthlutað verði fjármunum til að styðja annars vegar við uppbyggingu vinnustaðaklasa og reksturs þeirra, en þeir eru m.a. hugsaðir til að hýsa slík störf og hins vegar að styðja við flutning einstakra starfa frá höfuðborgarsvæðinu út á land.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti, í samstarfi við forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Byggðastofnun í samstarfi við ráðuneyti og ríkisstofnanir.

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög, landshlutasamtök, vinnustaðaklasar.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Stefna og aðgerðaáætlun um málefni sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038.

4. Leiðarvísir um viðveru og fjarveru

Markmið: Að auðvelda ríkisstofnunum að nýta óstaðbundin störf sem byggðaaðgerð, fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni og tryggja að framkvæmd slíkra starfa sé skýr, fagleg og samræmd.

Stutt lýsing: Unnin verður leiðarvísir fyrir mannauðsstjóra og stjórnendur sem hafa starfsfólki í óstaðbundnu starfi eða í fjarvinnu. Leiðarvísinum er ætlað að

gefa viðmið um viðveru, fjarveru, fyrirkomulag fjarvinnu og óstaðbundin störf. Þar verður jafnframt fjallað um ráðningarferli og auglýsingar, þar á meðal merkingu starfa sem óstaðbundin á Starfatorgi, móttöku nýs starfsfólks sem starfar ekki í höfuðstöðvum og hlutverk stjórnenda og starfsmanna í blönduðu starfsumhverfi. Horft verður til nýrrar stefnu í mannauðsmálum (sem er í vinnslu, júní 2026).

Ábyrgðarráðuneyti: Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Kjara- og mannauðssýsla ríkisins.

Dæmi um samstarfsaðila: Innviðaráðuneyti, Byggðastofnun og stéttarfélög.

Tímabil: 2027.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Stefna ríkisins í mannauðsmálum.

5. Kynskiptur vinnumarkaður á landsbyggðinni

Markmið: Að jafna stöðu kynja á vinnumarkaði á landsbyggðinni.

Stutt lýsing: Aðgerðin byggir á fyrri aðgerð byggðaaætlunar, „Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu“, þar sem gerð var úttekt á stöðu og tækifærum kvenna á vinnumarkaði í dreifbýli árin 2020-2021. Gerð verður greining á áhrifum kynskipts vinnumarkaðar á atvinnuþróun, búsetuskilyrði og möguleika kvenna til atvinnu og starfsþróunar á landsbyggðinni. Sérstaklega verði fjallað um fjölbreytni starfa, launa- og tekjumun, aðgengi að opinberum störfum, áhrif óstaðbundinna starfa og tengsl menntunar, atvinnumöguleika og búsetu. Greint verði hvort fjölbreytni starfa á landsbyggðinni sé í samræmi við menntun kvenna og hvort mögulegur skortur sé á viðeigandi störfum. Aðferðafræði verkefnisins byggist á fyrirliggjandi gögnum og rýnihópum með lykilaðilum, þar á meðal konum á landsbyggðinni, sveitarfélögum, landshlutasamtökum og aðilum vinnumarkaðarins. Afurð verkefnisins verði greiningarskýrsla og kortlagning helstu hindrana og tækifæra eftir landshlutum, sem styrkir þekkingargrunn stjórnvalda um áhrif kynskipts vinnumarkaðar, með niðurstöðum og tillögum að aðgerðum í byggðamálum með hliðsjón af ólíkri stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Jafnréttisstofa.

Dæmi um samstarfsaðila: Byggðastofnun.

Tímabil: 2027-2029.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir:

6. Norðurslóðarannsóknir

Markmið: Að efla rannsóknir um norðurslóðir.

Stutt lýsing: Móta og leggja fram rannsóknáætlun Íslands um norðurslóðir í samráði við viðeigandi hag- og rannsóknaraðila. Leitast við að kostnaðargreina og skilgreina mögulega fjármögnun áætlunarinnar, m.a. með því að nýta markáætlun Rannís. Efla þannig alþjóðlegt og innlent rannsóknasamstarf á sviði norðurslóðarannsókna og styrkja rannsóknainnviði. Hvetja til virkari nýtingar rannsóknainnviða, ekki síst á landsbyggðinni, s.s. með kynningarstarfsemi á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru.

Ábyrgðarráðuneyti: Utanríkisráðuneyti í samstarfi við menningar- nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Norðurslóðanetið í samvinnu við Rannís.

Dæmi um samstarfsaðila: Rannsóknarsetur á landsbyggðinni, háskólar, rannsóknastofnanir og aðrir viðeigandi hagaðilar.

Tímabil: 2027-2029.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Stefna Íslands í málefnum norðurslóða, framkvæmdaáætlun með stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

7. Byggðatengdar ívilnanir

Markmið: Að meta fýsileika þess að beita efnahagslegum hvötum til að efla byggð.

Stutt lýsing: Byggðastofnun verði falið að greina þá efnahagslegu hvata og ívilnunaraðgerðir sem Norðmenn beita í þágu byggðaþróunar og snúa meðal annars að skatta- og samgöngumálum. Jafnframt verði stofnuninni falið að meta fýsileika á því að beita ívilnunum við íslenskar aðstæður, hvaða svæði kæmu til greina og hver kostnaður af einstökum aðgerðum gæti orðið á Íslandi. Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti, í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Háskólar, rannsóknarstofnanir, landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímabil: 2027.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir:

8. Hringrásariðngarðar

Markmið: Efla umgjörð og starfsumhverfi hringrásariðngarða um allt land.

Stutt lýsing: Aðgerðin felur í sér að kortleggja laga- og reglugerðarumhverfi hringrásariðngarða. Forsætisráðuneytið leiðir greiningu á hvaða lög, reglugerðir eða aðgerðir eru nauðsynlegar af hendi stjórnvalda til að liðka fyrir uppbyggingu hringrásariðngarða. Grundvöllur uppbyggingar hringrásariðngarða er að umgjörðin og starfsumhverfið virki hvetjandi fyrir fyrirtæki og fjárfesta að koma saman á tilteknum svæðum og samnýta orkukerfi, skipulag, auðlindastrauma og önnur aðföng. Niðurstaða vinnunnar verður tekin saman í skýrslu og aðgerðaáætlun sem verður kynnt fyrir þeim ráðuneytum sem eru ábyrg fyrir tilteknum málefnasviðum.

Ábyrgðarráðuneyti: Forsætisráðuneyti í samstarfi við atvinnuvegaráðuneyti, innviðaráðuneyti og umhverfis-, loftslags- og orkuráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Utanaðkomandi ráðgjafar í samstarfi við ráðuneytin.

Dæmi um samstarfsaðila: Íslandsstofa, landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög.

Tímabil: 2027.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Atvinnustefna.

9. Uppbygging atvinnuhúsnæðis í minni byggðarlögum

Markmið: Að styðja við atvinnulíf í minni byggðarlögum og auka framboð atvinnuhúsnæðis.

Stutt lýsing: Byggðastofnun verði falið að koma á samstarfi við sveitarfélög, áttthagafjárfesta og aðra hagaðila um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í byggðarlögum og/eða á atvinnusóknarsvæðum þar sem byggingarkostnaður er hærri en vænt endursöluvirði og verulegur skortur er á atvinnuhúsnæði. Stuðst verður við reynslu Byggðastofnunar af þeim uppbyggingarverkefnum sem þegar eru hafin.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög, áttthagafjárfestar.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir:

10. Nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði

Markmið: Að treysta byggðafestu með því að auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði.

Stutt lýsing: Við yfirstandandi endurskoðun starfsskilyrða landbúnaðarins verður horft sérstaklega til þess að auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði meðal annars með því að: stuðla að því að stuðningskerfi landbúnaðarins verði fyrirsjáanlegra en það er í dag, leita leiða til að auka aðgengi að lánsfé til kynslóðaskipta í gegnum Byggðastofnun, meta áhrif núverandi aldursmarka (18-40 ára) í reglugerð um almennan stuðning við landbúnað á nýliðun, yfirfara í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið regluverk um skattalega meðferð söluhagnaðar bújarða m.t.t. nýliðunar og kynslóðaskipta og yfirfara í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið regluverk um verndun landbúnaðarlands til að stuðla að því að það nýtist til matvælaframleiðslu.

Ábyrgðarráðuneyti: Atvinnuvegaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Atvinnuvegaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Fjármála- og efnahagsráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti, Byggðastofnun, Bændasamtökin, Samtök ungra bændu.

Tímabil: 2027-2029

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Landbúnaðarstefna til ársins 2040 og aðgerðaáætlun hennar 2024-2029.

11. Matvælaöryggi, nýsköpun og nýliðun í matvælaframleiðslu

Markmið: Að auka matvælaöryggi og styðja við nýsköpun og vöruþróun smáframleiðenda matvæla.

Stutt lýsing: Leitað verður leiða til að koma á fót fleiri miðstöðvum nýsköpunar í matvælaframleiðslu í gegnum svokallaða matvælakjarna. Í því felst vottað vinnslurými sem frumkvöðlar og smáframleiðendur hafa aðgang að til að þróa

og framleiða vörur. Tilgangurinn er að auðvelda þróun hugmynda, efla nýsköpun, nýtingu og virðisauka staðbundinna hráefna. Með því er samhliða stuðlað að auknu matvælaöryggi og hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Dæmi eru um slíka starfsemi nú þegar eins og Vörusmiðju Biopol, Matarsmiðju Matís, Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði og fleiri. Efla þarf samstarf aðila sem þegar starfrækja matvælakjarna og deila þeirri reynslu sem þegar hefur skapast í því skyni að veita fleirum tækifæri til að nýta þjónustuna. Efla þarf fræðslu og ráðgjöf í samstarfi við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið m.a. varðandi þá styrkja- og fjármögnunarmöguleika og aðra aðstoð sem þegar er til staðar af hendi stjórnvalda. Yfirfara í samstarfi við umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytið regluverk um smáframleiðslu matvæla og draga fram það svigrúm sem mögulega er fyrir hendi til að efla nýsköpun án þess að draga úr matvælaöryggi.

Ábyrgðarráðuneyti: Atvinnuvegaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Atvinnuvegaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Matís, Landbúnaðarháskóli Íslands, umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytið, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, landshlutasamtök sveitarfélaga, Samtök smáframleiðenda matvæla, Vörusmiðja Biopol, Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði, Samtök verslunar og þjónustu, o.fl.

Tímabil: 2027-2031

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Matvælastefna til ársins 2040 og aðgerðaáætlun hennar 2024-2029, Minni matarsóun – aðgerðaáætlun gegn matarsóun frá 2021, Í átt að hringrásarhagkerfi – stefna í úrgangsmálum frá 2021.

12. Fluggáttir

Markmið: Að efla heilsársferðþjónustu um allt land.

Stutt lýsing: Flugþróunarsjóður styðji við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands þannig að koma megi á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvöllina á Akureyri og Egilsstöðum. Árangur verði mældur í fjölda erlendra ferðamanna sem koma með flugi.

Ábyrgð: Atvinnuvegaráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Flugþróunarsjóður.

Dæmi um samstarfsaðila: Austurbrú, Markaðsstofa Norðurlands, Isavia, Íslandsstofa og Ferðamálastofa.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Atvinnustefna, ferðamálastefna.

13. Stórpörungarækt

Markmið: Farsæl og sjálfbær nýting þangs og þara á grunnsævi.

Stutt lýsing: Á grunni skýrslu um stöðu og framtíð lagareldis verði hafin vinna við gerð lagaramma fyrir ræktun og nýtingu stórpörunga við Ísland. Horft verður til starfsskilyrða sem tengjast leyfisveitingum, þróun og rannsóknum.

Ábyrgð: Atvinnuvegaráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Atvinnuvegaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila:

Tímabil: 2027.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Atvinnustefna og matvælastefna til ársins 2040 og aðgerðaáætlun hennar 2024-2029.

14. Tækifæri í dreifðari orkuvinnslu

Markmið: Að skapa traustan grunn fyrir stefnumótun um dreifðari orkuvinnslu. Stutt lýsing: Ráðist verður í heildstæða kortlagningu á möguleikum til að efla byggðir landsins með dreifðari orkuvinnslu á landinu. Aðgerðin gengur út á að nýta greiningu Umhverfis- og orkustofnunar á smávirðjanakostum til að meta möguleg byggðaáhrif af dreifðari orkuvinnslu. Skoða skal atvinnumöguleika og áhrif á tekjur sveitarfélaga sem felast í dreifðari orkuvinnslu með sérstakri áherslu á viðkvæmari byggðir. Niðurstöður slíkrar kortlagningar geta orðið mikilvægt innlegg í orkuöflunarstefnu og rammaáætlun.

Ábyrgðarráðuneyti: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Rammaáætlun, Umhverfis- og orkustofnun, Raforkueftirlitið, landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímabil: 2027-2028.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Orkuöflunarstefna, rammaáætlun, orkustefna, atvinnustefna.

C. Stuðla að sjálfbærum byggðum um land allt

1. Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða

Markmið: Að styðja við þróun og viðnámsþrótt svæða sem standa frammi fyrir lýðfræðilegum og efnahagslegum áskorunum.

Stutt lýsing: Landshlutasamtök sveitarfélaga geti í samstarfi við haghafa í hverjum landshluta sótt um framlög í samkeppnissjóð vegna verkefna sem þau telja að nýtist einstökum svæðum eða landshlutanum í heild. Í forgangi eru verkefni sem m.a. eru talin hafa varanleg áhrif, eru atvinnuskapandi, hvetja til nýsköpunar á svæðinu og eflingar samfélagsrýma. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við óhagstæða lýðfræðilega samsetningu, einhæft atvinnulíf og sem eru fjarri stærri þjónustu- og atvinnusóknarsvæðum.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Sóknaráætlanir landshluta.

2. Brothættar byggðir

Markmið: Að valdefla og virkja frumkvæði íbúa, treysta stöðir dreifðra byggða og styrkja byggðafestu.

Stutt lýsing: Áfram verði unnið samkvæmt verklagi og hugmyndafræði byggðapróunarverkefnisins Brothættra byggðir með því að valdefla og virkja

frumkvæði íbúa, treysta stoðir dreifðra byggða og styrkja byggðafestu. Þróun verði haldið áfram á framhaldsverkefni Brothættra byggða jafnframt því sem þróað verði verkefni sem hentar fyrir fjölmennari byggðir. Aðgerðin byggir á víðtæku samráði og að því að virkja þekkingu og getu íbúa smærri til meðalstórra byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir í því skyni að efla sitt samfélag.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál, íbúar þátttökubbyggðarlaga, sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir:

3. Þróunaráætlanir fyrir borgarsvæði

Markmið: Að þróa borgarsvæði þannig að þau virki sem heildstæð svæði þegar kemur að atvinnusókn, búsetu og samgöngum.

Stutt lýsing: Lagður verði grunnur að og unnar þróunaráætlanir fyrir borgarsvæði Akureyrar annars vegar og Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins hins vegar (Hvítá-Hvítá) þar sem ólíkar sviðsmyndir varðandi þróun þeirra verða rýndar og helstu áskoranir skilgreindar, s.s. í samhengi byggðapróunar, loftslagsmála, lýðfræði og félagsmála, sbr. nefndarálit meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis við tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu.

Aðgerðinni er einnig ætlað að stuðla að auknu samstarfi sveitarfélaga og landshlutasamtaka á svæðunum.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaraðilar: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.

Dæmi um samstarfsaðila: Byggðastofnun, Vegagerðin, landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög á borgarsvæðunum.

Tímabil: 2027-2028.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Samgönguáætlun, stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, borgarstefna, sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins og sóknaráætlun Norðurlands eystra.

4. Efling fjölmiðlunar í héraði

Markmið: Að styðja við lýðræðislega umræðu og fjölbreyttan fréttaflutning um land allt,

Stutt lýsing: Veittir verði styrkir til einkarekinna staðbundinna fjölmiðla utan höfuðborgarsvæðisins enda gegni þeir mikilvægu hlutverki við að tryggja aðgengi almennings að upplýsingum um menningar- og samfélagsmál. Efni þeirra sé fjölbreytt og ætlað almenningi á útbreiðslusvæði fjölmiðilsins og styðji þannig við lýðræðisþátttöku og menningarstarf.

Ábyrgðarráðuneyti: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Fjölmiðlanefnd og Byggðastofnun.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla.

5. Íbúðauppbýgging í samræmi við þörf

Markmið: Að stuðla að uppbýggingu íbúðarhúsnæðis þar sem skortur hamlar þróun samfélaga og atvinnulífs.

Stutt lýsing: Stuðlað verði að uppbýggingu fjölbreyttra íbúða í samræmi við metna þörf í húsnæðisáætlunum sveitarfélaga. Gripið verði til fjölbreyttra húsnæðislausna á grundvelli sérhæfðrar ráðgjafar Húsnæðis-, mannvirkja-, og skipulagsstofnunar (HMS) við sveitarfélög, til að stuðla að uppbýggingu á hentugu íbúðarhúsnæði, hvort sem er til leigu eða kaupa, á svæðum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem bygging íbúða hefur verið í lágmarki eða sérstök vandkvæði eru á að fá fjármögnun á almennum markaði. Slíkar aðgerðir geti til að mynda falist í hlutdeildarlánum til fyrstu kaupenda og samningum við uppbýggingaraðila til að fjölga íbúðum sem uppfylla skilyrði hlutdeildarlána utan höfuðborgarsvæðisins, lánveitingum til nýbygginga, samstarfi við óhagnaðardrifin leigufélög og stofnframlögum til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum, þar á meðal til umbreytingar atvinnuhúsnæðis í íbúðarhúsnæði.

Ábyrgðarráðuneyti: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS).

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög og leigufélög.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Húsnæðisstefna 2024-2038, húsnæðis- og skipulagsáætlanir sveitarfélaga og landsskipulagsstefna.

6. Hringrásarlausnir fyrir sveitarfélög

Markmið: Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs, draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu og draga úr kostnaði sveitarfélaga.

Stutt lýsing: Aðgerðin miðar að því að styðja sveitarfélög og efla samstarf þeirra við þróun eða innleiðingu hringrásarlausna sem draga úr kostnaði þeirra við meðhöndlun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda með því að draga úr myndum úrgangs eða að nýta úrgang sem auðlind og byggja upp innviði sem henta dreifðum byggðum. Horft verður til þess að sveitarfélög nýti svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem stjórnæki og samþætti viðeigandi stefnumörkun og áætlanir til að efla hringrásarhagkerfið. Með markvissri kortlagningu úrgangsstrauma og stigvaxandi þróun hringrásarverkefna geta sveitarfélög tekið upplýstar ákvarðanir, bætt þjónustu, aukið samstarf og skapað ný viðskiptatækifæri.

Ábyrgðarráðuneyti: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Dæmi um samstarfsaðila: Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög, fyrirtæki í úrgangsgeiranum, Umhverfis- og orkustofnun.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Í átt að hringrásarhagkerfi (2021) – stefna í úrgangsmálum, Saman gegn sóun (væntanleg) – stefna um úrgangsforvarnir, Minni matarsóun (2021) – aðgerðaáætlun gegn matarsóun og Úr viðjum plastsins (2020) – aðgerðaáætlun í plastmálefnum.

7. Aðlögun sveitarfélaga að loftslagsbreytingum

Markmið: Að styrkja sveitarfélög í aðlögun að loftslagsbreytingum.

Stutt lýsing: Með aðgerðinni verður geta og þekking innan sveitarfélaga til að skima fyrir áhættu vegna áhrifa loftslagsbreytinga og móta staðbundnar áætlanir og aðgerðir til aðlögunar eflað. Hönnuð verða sniðmát og stoðefni, leiðbeiningar uppfærðar og gerðar aðgengilegar, m.a. í verkfærakistu loftslagsvænni sveitarfélaga. Haldnar verða vinnustofur fyrir sveitarfélög í öllum landshlutum þar sem verkfærin verða kynnt. Aðgerðin byggir á aðferðafræði sem þróuð var í fyrri aðgerð í byggðaáætlunar (C.10 Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög).

Ábyrgðarráðuneyti: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Framkvæmdaaðilar: Bygðastofnun, Veðurstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, Umhverfis- og orkustofnun, Náttúrufræðistofnun, Land og skógur, Vegagerðin, HMS, háskólar og fleiri.

Tímabil: 2027-2030.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Aðlögunaráætlun 2026-2030, Loftlagspolið Ísland (2023), Í ljósi loftslagsvárs – stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum (2021), stefna um líffræðilega fjölbreytni (2026).

8. Samstarf almannavarnafulltrúa

Markmið: Að auka samstarf og samhæfingu almannavarnafulltrúa um allt land og bæta stefnumótun og áætlanagerð á sviði almannavarna.

Stutt lýsing: Árlega verða haldnar vinnustofur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og almannavarnafulltrúa með það að markmiði að miðla þekkingu, styrkja samstarf og efla samhæfingu. Samhliða verður fræðsla aukin og henni miðlað áfram. Aðgerðinni er ætlað að bæta vinnu við stefnumótun og áætlanagerð í takt við þá hættu sem hvert svæði stendur frammi fyrir. Með því að auka samstarf þeirra á milli munu staðbundnar almannavarnir styrkjast og áfallapol aukast.

Ábyrgðarráðuneyti: Dómsmálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög, almannavarnanefndir og lögregluembætti.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum.

9. Líffræðileg fjölbreytni og skipulagsmál sveitarfélaga

Markmið: Að styrkja sveitarfélög í að takast á við vernd líffræðilegrar fjölbreytni og skapa skýrari tengingu milli skipulagsmála og náttúruverndar.

Stutt lýsing: Hrint verður af stað samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga þar sem þróuð verða verkfæri, verklag og dæmi um góðar lausnir til að styðja sveitarfélög við að samþætta á skilvirkan hátt líffræðilega fjölbreytni í skipulagsmálum. Verkefnið byggir á þremur þáttum: a) Tilraunaverkefni með sveitarfélögum sem auglýst verður eftir, b) verkfærakista fyrir sveitarfélög og c) miðlun og vitundarvakning. Haldnar verði vinnustofur fyrir sveitarfélög, hönnuð sniðmát og stoðefni, útbúnað leiðbeiningar og þær gerðar aðgengilegar.

Ábyrgðarráðuneyti: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Byggðastofnun, HMS, Land og skógur, Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknarstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög og náttúrustofur.

Tímabil: 2027-2029.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Líffræðileg fjölbreytni - stefna og markmið til ársins 2030, aðlögunaráætlun 2026-2030 – vegna loftslagsbreytinga á Íslandi.

10. List fyrir alla

Markmið: Að tryggja aðgengi og þátttöku barna og ungmenna í menningarlífi.

Stutt lýsing: Meginhlutverk verkefnisins er að stuðla að virkum tengslum skólastarfs og menningar- og listalífs. Tilgangurinn er að velja og miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum, óháð búsetu og efnahag.

Ábyrgðarráðuneyti: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: List fyrir alla.

Dæmi um samstarfsaðila: Fræðslu- og menningarsvið sveitarfélaga, grunnskólar, listgreinakennarar, listamenn og svæðisbundin ungmennaráð.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024–2028.

11. Alþjóðleg samkeppnishæfni

Markmið: Að efla alþjóðlega samkeppnishæfni landsins.

Stutt lýsing: Borgarsvæðin verði þátttakendur í alþjóðlegu samanburðarmati á samkeppnishæfni svæða þannig þau verði reglulega borin saman við önnur svæði. Mismunandi samkeppnislistar verði greindir og mat lagt á hvern þeirra yrið gagnlegast að komast á til að ná þeim árangri sem stefnt er að.

Tilgangurinn er að koma borgarsvæðum á kortið og laða að eftirsóttan mannauð, fyrirtæki og fjárfestingar, ásamt því að draga fram hvað gengur vel og hvað þarf til að efla samkeppnishæfni borgarsvæðanna og þar með landsins alls.

Ábyrgðarráðuneyti: Utanríkisráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Íslandsstofa.

Dæmi um samstarfsaðila: Sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, innviðaráðuneyti, atvinnuvegaráðuneyti.

Tímabil: 2026-2028.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Atvinnustefna, borgarstefna, ferðamálstefna.

12. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála

Markmið: Að styrkja þekkingargrunn fyrir stefnumótun og ákvarðanatöku á sviði byggðamála.

Stutt lýsing: Áfram verði aflað nýrrar þekkingar á sviði byggðamála, í samstarfi við opinberar stofnanir, m.a. með rannsóknum, uppbyggingu og viðhaldi tölfræðilegra gagnagrunna sem byggja á svæðisgreindum upplýsingum. Með framsetningu á tölulegum upplýsingum með myndrænum hætti er stutt við rannsóknir á byggðatengdum málefnum og leitast við að auka þekkingu og vitund um byggðapróun. Byggðavísitala sem byggir á upplýsingum um landfræðilega legu, lýðfræðilega þætti, efnahagslegar og félagslegar aðstæður verði þróuð áfram til að leggja mat á stöðu svæða og töku ákvarðana um byggðaaðgerðir.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Hagstofa Íslands, landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir:

13. Alþjóðlegt samstarf

Markmið: Að tryggja virka þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi um byggðapróun og miðlun þekkingar.

Stutt lýsing: Ísland haldi áfram virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, svo sem undir merkjum Nora, Nordregio, Norðurslóðaáætlunarinnar (NPA), ESPON og OECD, og þekkingar- og hugmyndafræðilegur grundvöllur byggðaaðgerða þannig styrktur.

Ábyrgðarráðuneyti: Innviðaráðuneyti.

Framkvæmdaraðilar: Innviðaráðuneyti og Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Háskólar, aðrar þekkingar- og rannsóknarstofnanir og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Tímabil: 2027-2031.

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir:

14. Samstarf í skipulags- og byggingarmálum

Markmið: Að styrkja faglegt samstarf og stjórnsýslulega getu sveitarfélaga í skipulags- og byggingarmálum.

Stutt lýsing: Komið verði á fót formlegum samstarfsvettvangi fyrir skipulags- og byggingarfulltrúa innan hvers landshluta í samstarfi sveitarfélaga og

landshlutasamtaka. Markmiðið er að styrkja faglegt bakland sveitarfélaga, auka þekkingarmiðlun og stuðla að samræmdari stjórnsýslu í skipulags- og byggingarmálum. Samstarfið felst í sameiginlegri þróun verklags og miðlun sérfræðiþekkingar. Sérstök áhersla verði lögð á að styðja við smærri sveitarfélög sem búa yfir takmörkuðum mannafla og sérþekkingu. Með auknu samstarfi skapast sterkari faglegur grunnur fyrir skipulags- og byggingarmál, sem stuðlar að auknum gæðum í stjórnsýslu og jafnræðis í þjónustu óháð stærð sveitarfélaga.

Ábyrgðaráðuneyti: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti.

Framkvæmdaaðili: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)

Dæmi um samstarfsaðila: Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og einstök sveitarfélög.

Tímabil: 2027

Tenging við aðrar stefnur/áætlanir: Landsskipulagsstefna fyrir árin 2024-2038 og húsnæðisstefna fyrir árin 2024-2038.

3. Samfélagsleg áhrif

Byggðamál snerta alla málaflokka ríkisins og birtist byggðastefna stjórnvalda því í fjölmörgum opinberum stefnum og áætlunum. Má þar nefna stefnur á sviði samgangna, atvinnulífs, menningar, orkumála, og heilbrigðis- og menntamála. Lög, stjórnvaldsfyrirmæli og einstakar ákvarðanir stjórnvalda geta haft veruleg áhrif á búsetugæði fólks og starfsaðstæður fyrirtækja um land allt. Mikilvægt er því að stjórnvöld beiti „byggðalínu“ / „byggðagleraugum“ (e. rural screening) markvisst við stefnumótun, áætlanagerð og undirbúning lagafrumvarpa, þannig að áhrif á byggðir landsins séu metin með heildstæðum hætti.

Stefnumótandi byggðaáætlun hefur margvísleg samfélagsleg áhrif. Þau felast ekki aðeins í einstökum aðgerðum hennar heldur einnig í mikilvægu samhfingarhlutverki. Byggðaáætlun er ætlað að hafa áhrif á aðrar opinberar áætlanir og stuðla að því að byggðasjónarmið séu höfð til hliðsjónar við mótun og framkvæmd þeirra. Við endurskoðun byggðaáætlunar hefur sérstök áhersla verið lögð á samhfingu opinberra áætlana og á samspil dreifbýlis og þéttbýlis, með það að markmiði að styrkja landið allt sem sterka og sjálfbæra heild.

Í hvítbókinni eru lagðar fram 33 áherslur og 41 aðgerð sem ætlað er að hafa jákvæð áhrif á íslenskt samfélag og stuðla að því að þrjú meginmarkmið hennar náist; að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt. Sumum aðgerðum er ætlað að styrkja samkeppnishæfni landsins í heild en öðrum að styrkja landshluta eða svæði innan þeirra. Þá er sumum aðgerðum ætlað að styðja við atvinnulíf en öðrum að styrkja búsetuskilyrði og lífsgæði íbúa. Oftar en ekki styðja aðgerðirnar við allt framangreint.

Hér á eftir er leitast við að draga fram ætluð áhrif byggðaáætlunar út frá skilgreindum sjónarhornum, allt frá alþjóðlegri samkeppnisstöðu landsins til áhrifa á landshluta, sveitarfélög, atvinnulíf, efnahag og lífskjör einstaklinga. Oftar en ekki eru þessi áhrif samtvinnuð og gagnvirk. Aðgerðir sem efla einstaka landshluta, atvinnulíf þeirra og/eða styrkja stöðu einstaklinga og ákveðinna hópa geta þannig jafnframt styrkt alþjóðlega samkeppnisstöðu landsins í heild, rétt eins og sterk alþjóðleg staða og jákvæð ímynd Íslands geta aukið möguleika byggða um land allt til að laða að mannauð, fjárfestingu og ný tækifæri í harði alþjóðlegri samkeppni.

Það sem gefur áætluninni ekki síst vægi og ýtir undir samfélagsleg áhrif hennar er hið breiða eignarhald sem hefur skapast í gegnum fjölda þeirra sem hafa aðkomu að mótun hennar. Þetta breiða eignarhald hefur svo m.a. skilað sér í því að undangengnar byggðaáætlanir hafa verið samþykktar samhljóða á Alþingi. Slík samstaða eykur líkur á að markmið byggðaáætlunar nái fram að ganga og hafi áhrif á þróun íslensks samfélags.

3.1 Áhrif á alþjóðlega stöðu

Ísland er í alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki. Það er því mikilvægt að horfa til landsins alls við mótun og framkvæmd byggðastefnu. Það hefur íslensk byggðastefna gert í auknum mæli undanfarin ár. Það markmið byggðaaætlunar að stuðla að sjálfbærni byggða um land allt felur m.a. í sér að styrkja efnahags-, félags- og umhverfislega þætti, sem og að efla sveitarfélög. Í því sambandi er mikilvægt að treysta sjálfbæra og hagkvæma þróun á langstærsta þéttbýlis-svæði landsins og áhrifasvæði þess ásamt því að styðja við uppbyggingu annars borgarsvæðis á Akureyrarsvæðinu til að draga úr of mikilli samþjöppun og dreifa forsendum vaxtar og verðmætasköpunar víðar um land. Samhliða er lyklatríði að treysta aðgengi að grunninnviðum eins og samgöngum, fjarskiptum, og orku þannig að efla megi atvinnu- og þjónustusóknarsvæði um land allt. Slík uppbygging snýr ekki eingöngu að því að jafna stöðu innanlands heldur er hún nauðsynleg til að styrkja stöðu landsins í alþjóðlegri samkeppni um sérhæft vinnuafli, fjárfestingar og verðmætasköpun. Sterkir innviðir um land allt gera samfélögum og fyrirtækjum kleift að nýta staðbundna styrkleika svæða og styrkja þannig samkeppnisstöðu landsins í heild.

Áherslur og aðgerðir áætlunarinnar sem lúta að menntun, menningu, listum og blómlegu mannlífi stuðla að eftirsóknarverðum búsetuskilyrðum og jákvæðum staðaranda sem eru mikilvægir þættir í alþjóðlegri samkeppnishæfni. Þau búsetugæði sem felast í þessum þáttum eru óumdeild og geta ráðið úrslitum um búsetuval fólks, ekki síst fjölskyldufólks. Þá eru þeir mikilvæg uppspretta alls kyns nýsköpunar, auka félagslegan fjölbreytileika og geta skapað umtalsverð efnahagsleg verðmæti.

Tenging hins staðbundna og alþjóðlega í einu af fimm skilgreindum lykilviðfangsefnum áætlunarinnar – *Alþjóðleg samkeppnisstaða og sjálfbærar byggðir* – undirstrikar að þessi viðfangsefni fara saman. Uppbygging sjálfbærra byggða um land allt styrkir þannig bæði samkeppnisstöðu Íslands og ímynd landsins á alþjóðavettvangi.

Nýsamþykkt atvinnustefna stjórnvalda¹ byggir með beinum hætti á því að markmiðssetning byggðaaætlunar um sjálfbærar byggðir um land allt nái fram að ganga, sem m.a. byggist á jöfnuði þegar kemur að aðgengi að þjónustu og atvinnutækifærum. Byggðaaætlun er því mikilvægur grunnur að samkeppnishæfni landsins með því að dreifa forsendum vaxtar og draga úr of mikilli samþjöppun.

Aðgerðin *Alþjóðleg samkeppnishæfni* hefur það að markmiði að styrkja alþjóðlega samkeppnisstöðu landsins með því að borgarsvæðin tvö taki þátt í alþjóðlegu samanburðarmati borga. Niðurstöðurnar geta nýst til að greina

¹ [Atvinnustefna Íslands – Vaxtarplan til 2035](#)

stöðuna og beina aðgerðum með markvissari hætti að þeim þáttum sem þarf að styrkja. Jafnframt eru aðgerðir, sem snúa að því að styðja einstök byggðarlög og svæði við að nýta tækifæri sín, til þess fallin að efla samkeppnishæfni landsins alls. Má þar nefna uppbyggingu fleiri fluggátta inn í landið, stuðning við innflytjendur og hringrásariðngarða.

3.2 Áhrif á landshluta og sveitarfélög

Markmið byggðaaætlunar um að jafna aðgengi að þjónustu og tækifærum til atvinnu óháð búsetu eru mikilvæg forsenda þess að byggðarlög um land allt geti nýtt sérstöðu sína og styrkleika. Takmarkað aðgengi að þjónustu, skortur á fjölbreyttum atvinnutækifærum eða langvarandi óhagstæða lýðfræðileg þróun getur dregið úr getu byggðarlaga til að laða til sín íbúa og fyrirtæki og þar með veikt samkeppnisstöðu þeirra. Af þeim sökum er sérstök áhersla lögð á svæði sem búa við fólksfækkun og einhæft atvinnulíf.

Byggðaaætlun snýr þó ekki eingöngu að jöfnuninni sem slíkri. Hún er jafnframt mikilvægt tæki til að efla svæðisbundna þróun í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra. Í samspili byggðaaætlunar og sóknaráætlana landshluta felast tækifæri til að styrkja hlutverk sveitarfélaga og samtaka þeirra á hverju svæði til að móta og hrinda í framkvæmd stefnumörkun um þróun eigin svæða.

Áherslur byggðaaætlunar styðja jafnframt við markmið sveitarstjórnaráætlunar um fjárhagslega og faglega öflug sveitarfélög sem eru í stakk búin til að sinna lögbundnum verkefnum, þ.m.t. innviðauppbbyggingu. Með virkri aðkomu að gerð byggðaaætlunar hafa sveitarfélög áhrif á stefnumótun ríkisins en um leið taka bæði stjórnsýslustigin sameiginlega á skilgreindum viðfangsefnum áætlunarinnar. Slíkt samstarf eykur líkur á árangri og stuðlar að betri nýtingu fjármuna og þekkingar.

Af einstökum aðgerðum byggðaaætlunar sem sérstaklega styðja tiltekin svæði má nefna *Brothættar byggðir* og *Sértæk verkefni sóknaráætlana*. Aðrar aðgerðir miða að því að efla og stækka atvinnu- og þjónustusvæði, m.a. með aðgerðum á sviði almenningssamgangna og bættrar þjónustu á þjóðvegakerfinu. Á grunni borgarstefnu, sem var ein af aðgerðum byggðaaætlunar 2022-2026, er lagt til að unnar verði þróunaráætlanir fyrir bæði borgarsvæðin og hin virku svæði þeirra. Markmið þeirra er að samræma eftir föngum stefnur og aðgerðir ríkis og sveitarfélaga varðandi þróun og skipulag þessara langfjölmennustu svæða landsins. Með því má bæði stuðla að hagræði og stuðla að jafnari íbúadreifingu um landið.

3.3 Áhrif á almenning og einstaka hópa

Markmið byggðaaætlunar um jöfnun aðgengis að þjónustu og tækifæra til atvinnu óháð búsetu eru grunnforsendur fyrir búsetufrelsi. Hugtakið búsetufrelsi felur í sér að fólk geti búið sér heimili þar sem það kys, í því

búsetuformi sem því hentar og geti þar notið sambærilegra atvinnutækifæra, umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu.

Til að ná fram því markmiði byggðaáætlunar að jafna aðgengi landsmanna að þjónustu eru settar fram fjölbreyttar aðgerðir. Annars vegar snúa þær að einstökum þjónustuþáttum, s.s. aðgengi að heilbrigðisþjónustu, dagvöruverslun og stafrænni tengingu, og hins vegar að þjónustukerfum og samfélagslegum innviðum sem hafa áhrif á búsetuskilyrði til lengri tíma.

Jöfnun aðgengis að þjónustu, m.a. með nýtingu tæknilausna og því að hún skuli veitt sem mest í nærsamfélaginu, ásamt jöfnun atvinnutækifæra, eru líklega þau atriði sem mest áhrif hafa á einstaklinga og einstaka hópa. Áhrifin eru þó mismunandi og mismikil. Það liggur t.a.m. fyrir að í sumum byggðum er talsverður kynjahalli, konum í óhag. Gott aðgengi að þjónustu og bættar samgöngur ásamt fjölbreyttari atvinnutækifærum eru þættir sem unnið geta á kynjahallanum, en rannsóknir hafa sýnt að konur leggja meira upp úr þessum þáttum og þá eru þær ólíklegri til að ferðast um lengri veg vegna vinnu en karlar.²

Svipað á við þegar horft er til yngra fólks og barnafjölskyldna sem birtist í hærri meðalaldri í dreifðari byggðum. Fjölbreytt atvinnutækifæri, húsnæðismál, gott aðgengi að menntakerfinu, allt frá leikskóla til sérhæfðrar fagmenntunar og háskóla, ásamt aðgengi að íþrótt- og tómstundastarfi, listum og menningu eru mikilvægir þættir auk jákvæðrar sjálfsmyndar byggðar. Sjálfbær byggðaþróun byggir að verulegu leyti á því að ungt fólk sjái framtíð sína einnig í hinum dreifðu byggðum utan stærstu þéttbýlissvæðanna.

Markmið um jöfnun aðgengis að þjónustu og tækifæra til atvinnu eru í eðli sínu altæk, þ.e. að þau eigi að ná til allra hópa/einstaklinga samfélagsins og þá ekki síst þeirra sem eru á einhvern hátt í viðkvæmri stöðu. Eins og fram kemur í Grænbók um byggðamál³ er stærsta lýðfræðilega breytingin sem orðið hefur á íslensku samfélagi frá aldamótum mikil fjölgun fólks af erlendum uppruna. Í byggðaáætlun er því lögð áhersla á nærþjónustu sem tekur mið af þörfum þessa hóps og að beitt sé þeim aðferðum og nálgunum sem henta hverju sinni, ekki síst í minni samfélögum þar sem hið formlega stofnanakerfi getur verið veikara og fjarlægara en á stærstu þéttbýlissvæðunum.

Öldrun samfélaga er víða meiri í minni og dreifðari byggðarlögum en í þeim fjölmennari. Það markmið byggðaáætlunar að nærþjónustu skuli veita sem mest í nærsamfélaginu kemur beint til móts við þarfir eldri borgara sem þarfnast persónulegrar þjónustu og styður við búsetufrelsi þeirra. Með sama hætti styður

² M.a. í þjónustukönnunum Bygðastofnunar og í *Bygðafesta og búferlaflutningar á Íslandi (Háskólaútgáfan, Reykjavík 2022)*

³ [Grænbók um byggðamál](#) (bls. 21)

áætlunin við markmið um jafnt aðgengi fólks með fötlun að þjónustu og samfélagsþátttöku óháð búsetu. Í þessu samhengi er minnt á að nýlega lögfestu íslensk stjórnvöld samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks⁴. Einstakar aðgerðir sem snúa að bættu og jafnara aðgengi að heilbrigðisþjónustu, m.a. með fjarþjónustulausnum, bættum almenningssamgöngum og bættu aðgengi að starfstengdu námi, þ.m.t. hagnýtum áföngum á háskólastigi styðja svo beint við landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks.⁵

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er ljóst að aðgerðir byggðaaætlunar eru samtengdar og ætlaðar að efla almenna velsæld íbúa, fremur en að vera afmarkaðar stuðningsleiðir. Til að mynda sýnir aðgerðin *Óstaðbundin störf* vel hvernig einstakar aðgerðir byggðaaætlunar geta haft margvísleg samfélagsleg áhrif. Hún styður ekki aðeins við fjölgun starfa á landsbyggðinni heldur einnig við aukið búsetufrelsi, fjölbreyttari atvinnumöguleika og jafnari dreifingu opinberra starfa. Aðgerðin getur jafnframt haft sérstaka þýðingu út frá jafnréttissjónarmiðum, þar sem konur eru um 65% starfsfólks ríkisins. Jafnari dreifing ríkisstarfa getur því aukið atvinnumöguleika kvenna á landsbyggðinni og styrkt aðgengi að sérfræðipækkingu og þjónustu um land allt.

Það sama birtist í stuðningi við dagvöruverslanir í minni byggðarlögum, þar sem markmiðið er að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu. Þar eru samfélagsleg áhrif augljós þar sem dagvöruverslun er hluti af grunninnviðum samfélagsins, sérstaklega fyrir íbúa sem eiga langt að sækja þjónustu og íbúa sem hafa takmarkað aðgengi að samgöngum.

Með áherslum og aðgerðum byggðaaætlunar sem stuðla að jafnara aðgengi að þjónustu hins opinbera, vinnur áætlunin m.a. með útgefnum leiðbeiningum innviðaráðuneytisins um opinbera þjónustu og jöfnun aðgengis þar sem sérstaklega er tekist á við að skilgreina stigskiptingu hennar og staðsetningu út frá stærð þjónustukjarna.⁶ Þá er unnið að gerð sérstakrar stefnu um opinbera þjónustu þar sem eitt þriggja meginmarkmiða er aðgengilegri þjónusta óháð getu, þörfum eða búsetu þjónustuþega. Hefur stöðumat og valkostir verið birt í samráðsgátt og er gert ráð fyrir að stefnan verði fullbúin haustið 2026.⁷

3.4 Áhrif á atvinnulíf

Byggðaaætlun hefur bæði bein og óbein áhrif á atvinnulíf um land allt. Áætluninni er ætlað að styrkja forsendur atvinnusköpunar, fjölga

⁴ [Lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks](#)

⁵ [Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027](#)

⁶ [Opinber þjónusta og jöfnun aðgengis](#)

⁷ [Stöðumat og valkostir - Stefna um opinbera þjónustu](#)

atvinnutækifærum og efla samkeppnishæfni einstakra svæða með markvissum aðgerðum á sviði innviða, nýsköpunar, menntunar og byggðapróunar.

Bein áhrif byggðáætlunar á atvinnulíf í landinu og einstökum svæðum birtist einna helst í markmiðum hennar og aðgerðum sem snúa að jafnari dreifingu opinberra starfa um landið. Framkvæmd þess markmiðs birtist annars vegar í aðgerðum sem snúa að því að störf á vegum ríkisins skuli almennt vera óstaðbundin nema eðli starfsins krefjist annars og þannig stuðlað að jafnari dreifingu þeirra um landið. Hins vegar að þegar ný starfsemi hefst á vegum ríkisins eða breytingar gerðar sé það sérstaklega skoðað hvort staðsetja megi starfsemina utan vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Óbein áhrif áætlunarinnar eru einnig nokkur. Þau felast m.a. í uppbyggingu nauðsynlegra innviða sem styðja við fjölbreytt atvinnutækifæri. Má þar nefna eflingu stoðkerfis nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni og aðgerðir sem snúa að uppbyggingu hringrásariðngarða og atvinnuhúsnæðis í minni byggðarlögum. Þá hafa aðgerðir sem bæta búsetuskilyrði og aðgengi að þjónustujákvæð áhrif á atvinnulífið og möguleika þess til að ráða til sín hæft starfsfólk hvar sem er á landinu. Hefur það verið nokkur áskorun víða um land, ekki síst þegar um sérfræðistörf er að ræða.

Áherslur byggðáætlunar í atvinnumálum falla vel að nýrri atvinnustefnu stjórnvalda, þar sem lögð er áhersla á að verðmætasköpun verði knúin af fjölbreyttum útflutningi sem byggir á nýsköpun og sjálfbærri auðlindanýtingu og að alþjóðleg samkeppnishæfni verði góð og fjölbreytt störf séu í boði um land allt.⁸ Byggðáætlun styður þannig við framgang atvinnustefnunnar og getur með áherslum sínum og aðgerðum stuðlað að því að markmið hennar um framþróun og uppbyggingu í öllum landshlutum nái fram að ganga. Sérstaklega má benda á samhljóm um að greina og byggja atvinnuuppbyggingu einstakra landsvæða á sérstöðu þeirra og styrkleikum.

Endurnýjun og þróun í hefðbundnum atvinnugreinum er einnig meðal viðfangsefna áætlunarinnar. Það birtist m.a. í aðgerðum sem snúa að nýliðun og kynslóðaskiptum í landbúnaði og matvælaframleiðslu, en hvort tveggja eru mikilvægir þættir í matvælaöryggi landsins.


3.5 Efnahagsleg áhrif

Efnahagsleg áhrif byggðáætlunar eru umtalsverð. Samkvæmt fjármálaáætlun 2027-2031 verða framlög til byggðáætlunar tæpir fjórir milljarðar króna. Á töflunni hér að neðan má sjá framlög til málaflokks 8.2 Byggðamál frá árinu 2018, ásamt áætlun fyrir árin 2027-2031 sem eru gildistími nýrrar byggðáætlunar. Þar má m.a. sjá að heildarfjárveiting til málaflokksins eru áætlaðir rúmir 9 milljarðar króna tímabilið 2027-2031. Til samanburðar var

⁸ [Atvinnustefna Íslands – Vaxtarplan til 2035](#)

heildarfjárveitingin til málaflokksins á gildistíma nógildandi byggðaaætlunar, 2022-2026, rúmir 10,5 milljarðar króna, þ.a. voru framlög til byggðaaætlunar tæpir 4,3 milljarðar króna. Heildaráhrif áætlunarinnar eru þó mun meiri, enda eru fjölmargar aðgerðir fjármagnaðar að hluta eða öllu leyti með framlagi af öðrum málefnasviðum og stuðningur byggðaaætlunar er því aðeins hluti af heildarfjármögnuninni.

Tafla 1. Framlög til málaflokks 8.2 Byggðamála 2018-2026 og áætlun 2027-2031



Byggðaaætlun hefur viðtæk áhrif á uppbyggingu innviða, þjónustu og atvinnulífs um land allt og hefur þannig bæði bein og óbein efnahagsleg áhrif. Áhrif hennar ná því langt út fyrir þær fjárveitingar sem ráðstafað er beint til aðgerða áætlunarinnar. Stuðningur við einstaklinga, fyrirtæki og samfélög getur skipt sköpum fyrir áframhaldandi atvinnurekstur og þjónustu á svæðum þar sem rekstrarforsendur eru veikburða. Nærtækt dæmi er rekstur dagvöruverslana í smærri byggðarlögum. Slíkar verslanir hafa ekki aðeins efnahagslegt gildi vegna eigin starfsemi heldur eru þær lykilforsaða búsetu, þjónustu og annarrar atvinnustarfsemi í viðkomandi samfélögum.

